

Miklaholtshreppur:

Mjólkurbílar komust ekki til baka vegna ófærðar

Borg, Miklaholtshreppi, 8. febrúar. UM SÍÐUSTU helgi setti hér niður mikinn snjó. Jafnfallið var um 30—40 sentímetra snjódýpt. Á mánudag hvessti seinnipart dagsins og skóf þá nokkuð. Í gær var gott veður fram yfir miðjan dag, en þá tók að hvesa allverulega. Mikill skafrenningur varð fljótlega og miklar umferðartafir.

Mjólkurbílar frá Borgarnesi sem vel eru útbúnir til aksturs í snjó komu hingað í gær, en komust ekki aftur til baka í gærkvöldi vegna ófærðar og skafrennings. Bílstjórnir gistu á Vegamótum í nótt.

Áætlunarrútan sem fór frá Reykjavík í gær fór um Heydal áleiðis til Ólafsvíkur og Hellissands. Vegna ófærðar í gærkvöldi tafðist hún og kom seint í Borgarnes og gistu farþegar þar í nótt. Verulegur kostnaður hefur verið hjá þeim bændum sem hafa þurft að láta moka afleggjara heim til sín sem flokkast undir sýsluvegi. Hlutur bænda í þeim kostnaði er 50% á móti sveitarfélagi. Nú hafa verið keyptir snjóblásarar sem knúðir eru með dráttarvélum. Hafa bændur fjármagnað þessi kaup og blásararnir reynst mikilvirkir við hreinsun snjóa af vegum. Tveir blásarar eru þegar komnir og von er á fleirum. Í gær komu hingað vinnuflokkar frá símanum og er nú unnið að því að tengja bæi í Staðarsveit sjálfvirka símakerfinu. Hefur þar ríkt hið mest vandræðastand vegna tíðra símabilana í vetur. Og enn bætist við vélakost manna hér í sveitum, því nýlega hafa tveir bændur keypt sér vélsleða til þess að geta brugðið sér bæjarleið í ófærðinni.

— Páll.



Borealis — norræn myndlist 1983:

Verk eftir þrjár íslenska listamenn

Fyrsta myndlistarsýningin á vegum Norrænu listmiðstöðvarinnar í Sveaborg stendur nú yfir. Á sýningunni sem ber yfirskriftina „Borealis — norræn myndlist 1983“ eru verk þriggja listamanna frá hverju Norðurlandanna, auk eins frá Færeyjum. Af Íslands hálfu eru þáttakendur þau Ásgerður Búadóttir, Gunnar Örn Gunnarsson og Magnús Tómasson. Hafa verk íslensku listamanna fengið lofsamlega dóma gagnrýnenda.

Sýningunni var hleypt af stokk-


unum í Helsingfors í maí sl. en þaðan fór hún til Kaupmannahafnar og því næst til Suður-Jótlands. Næst verður sýningin sett upp í Ósló, en til Íslands kemur hún næsta sumar og verður þá sett upp á Kjarvalsstöðum.

Á meðfylgjandi mynd eru íslensku listamennirnir, sem eiga verk á sýningunni. F.v. Ásgerður Búadóttir, Magnús Tómasson og Gunnar Örn Gunnarsson.

(Úr fréttatilkynningu.)

SÖB leikisloka

25% afsláttur



í pottinum

— Já, nú bjóðum við úrvals ÍSFUGLS unghænur með 25% afslætti

— það munar um minna þessa dagana.

Unghænumar frá ÍSFUGL eru tilvaldar í ýmsa pottrétti og við látum fylgja eina gírnilega uppskrift.

KRYDDUNGHÆNA FRÁ ÍSFUGL

HRÁEFNI (fyrir fjóra)

- 1 Unghæna frá ÍSFUGL
- Sítrónusafi, salt, persille
- 1 lítill laukur
- 1 púrra
- 1 msk salt
- 1 tsk piparkorn
- 1 l vatn

Matreiðslutími ca 2 klst.

Sósa:

- 3-4 dl síað unghænuoð
- 2 msk hveiti
- 1 dl rjómi
- estragon, merian, salvie
- salt og pipar eftir smekk

1. Nuddið unghænauna að utan og innan með salti og sítrónusafa. Setjið nokkrar persille-greinar inn í unghænauna.

2. Setjið unghænauna í pott með vatni lauk og púrru. Sjóðið og fleytið ofan af.

3. Bætið saltinu og piparkornunum út í og látið sjóða undir loki í 1 1/2 — 2 klst., þar til unghænan er orðin meyr.

4. Síið soðið, sem nota á í sósuna, í pott. Hellið hveiti og rjóma út í og hrærið vel. Látið suðuna koma upp og bætið tómatakrafti og kryddi að smekk, einnig örlítið af salti og pipar.

5. Takið haminn af unghænunni og skerið hana í bita. Setjið bitana í pottinn sem bera á réttinn fram í og hellið sósunni yfir.

BORIÐ FRAM MEÐ:

Hrísgjónum eða soðnum kartöflum. Fersku salati og sítrónudressing.

Verði ykkur að góðu.



Ísfugl

Fuglasláturhúsið að Varmá
Reykjavegi 36 Mosfellssveit
Símar: 91-66103 og 66766



Kirkjur

á landsbyggðinni

Messur á sunnudag

Matt. 6.:

Er þér biðjist fyrir.

EGILSSTAÐAKIRKJA: Sunnudagaskóli á sunnudaginn kemur kl. 11 og messa kl. 14. Sóknarprestur.

SEYDISFJARÐARKIRKJA: Á morgun, laugardag, kirkju-skóli kl. 11 og guðspjónusta á sunnudag kl. 11. Sr. Magnús Björnsson.

VÍKURPRESTAKALL: Kirkju-skóli í Vík á morgun, laugardag, kl. 11. Fjölskylduguðspjónusta í Reyniskirkju kl. 14. Sóknarprestur.

Höfðar til fólks í öllum starfsgreinum!

Morgunblaðið